



Fundargerð

Svæðisráð suðursvæðis - 70. fundur svæðisráðs suðursvæðis haldinn í Nýheimum, Höfn í Hornafirði, 20. júní 2019, kl. 09:00.

Fundinn sátu:

Björn Ingi Jónsson formaður, Sigurlaug Gissurardóttir fulltrúi ferðapjónustunnar, Snævarr Guðmundsson fulltrúi náttúruverndarsamtaka, Guðrún Inga Bjarnadóttir fulltrúi útivistarfélaga, Hjördís Skírnisdóttir varamaður og Helga Árnadóttir þjóðgarðsvörður.

Fundargerð ritaði: Helga Árnadóttir, þjóðgarðsvörður.
Forföll boðaði Hjalti Þór Vignisson

1. Tröllaferðir - beiðni um endurskoðun ákvörðunar - 1905029

Tekin fyrir umsókn frá Tröllaferðum, dagsett 27.maí 2019, um endurskoðun ákvörðunar um fyrri umsókn Tröllaferða um kayaksiglingar á Jökulsárlóni.

Ekki hefur orðið breyting á stöðu mála við Jökulsárlón frá því að fyrri umsókn var afgreidd. Eins og fram kemur í fyrri bókun við afgreiðslu umsóknar þá er vinna við stjórnunar- og verndaráætlun fyrir svæðið hafin og verður kynnt í lok þessa árs. Unnið er að deiliskipulagsgerð sem er að fara í opið kynningarferli. Atvinnustefna hefur verið í samráðsferli og er að koma fram. Vinna við þessi stjórnæki er því í fullum gangi. Núverandi athafnasvæði er þröngt og býður ekki upp á frekari atvinnustarfsemi nema með röskun út fyrir núverandi athafnasvæði. Í ljósi þessa getur svæðisráð ekki mælt með að veitt sé leyfi fyrir frekari starfsemi á svæðinu og tekur undir bókun stjórnar frá 12.7.2018.

2. Stjórnunar- og verndaráætlun Jökulsárlón og Þjóðlendur - 1709003

Ráðgjafar og starfsmenn Vatnajökulsþjóðgarðs kynntu vinnu sem fram hafði farið frá síðasta fundi.

Gestir

Kristín Hermannsdóttir - 09:30

Sigurður Óskar Jónsson - 10:15

Þorvarður Árnason - 09:30

Steinunn Hödd Harðardóttir - 09:30

Hugrún Harpa Reynisdóttir - 09:30

Vinnufundur fór fram með ráðgjöfum og starfsmönnum á suðursvæði. Ákveðið að halda opinn fund þriðjudagskvöldið 2. júlí þar sem öllum gefst kostur á að hafa áhrif á mótun stjórnunar- og verndaráætlunar fyrir Breiðamerkursand. Fundurinn verður nánar auglýstur á samfélagsmiðlum og í prentmiðlum. Svæðisráð hvetur alla til að taka þátt í vinnunni og nýta tækifærið til að hafa áhrif.

3. Skaftafell-Umsókn um fatbike ferðir í Bæjarstaðaskóg - 1906032

Tekin fyrir umsókn Öræfaferða ehf, dagsett 27.maí 2019, varðandi umsókn um Fatbike ferðir í Bæjarstaðaskóg.

Þar sem um er að ræða skilgreinda reiðhjólaleið og ekki er um að ræða uppbyggingu eða aðstöðu rekstaraðila innan þjóðgarðs er þjóðgarðsverði falið að klára málið. Svæðisráð leggur þó áherslu á að vinna við atvinnustefnu er í fullum gangi sem taka þarf hliðsjón af þegar stefnan kemur til framkvæmdar.

Fundi slitið kl. 16:00.